

Umsögn SSNE um Hvítbók um byggðamál.

SSNE lýsir yfir almennri ánægju með Hvítbók um byggðamál, hún á mörgum þáttum byggðamála og stefna stjórnvalda er skýr. Engu að síður er sá fyrirvari að engar upplýsingar liggja fyrir um kostnað eða fjármögnun einstakra aðgerða. Töluvert er af áherslum sem eru án aðgerða, í einhverjum tilvikum eru áherslur sem fjármagnaðar með öðrum hætti en í gegnum byggðááætlun en sem gott væri að nefna í þessu samhengi.

SSNE fagnar að sjá áherslur og aðgerðir sem SSNE hefur lagt áherslur á í sínu starfi s.s. miðstöð norðurslóða á Akureyri, borgarhlutverk Akureyrar og skipan í opinberar stjórnir, ráð, nefndir og starfshópa endurspegli búsetudreifingu í landinu.

A.3 Markmiðið er að bæta neyðarþjónustu og auka öryggi um allt land. SSNE leggur því til að skoðað verði af fullri alvöru að staðsetja þyrlu á Akureyri þar sem allir innviðir eru til staðar.

A. 6 Jafna mætti aðgengi að sérfræðingum á fleiri sviðum en heilbrigðissviði og styrkja með því búsetu víða um land þar sem skortur er á menntuðu vinnuafli. Nýta mætti þá ívilnun sem nefnd er í A.6 varðandi ákvæði í lögum um menntasjóð námsmanna.

A.10 Almenningsamgöngur milli byggða. Hér er um mikilvæga aðgerð að ræða, nauðsynlegt er að setja fjármagn í verkefnið áfram til að hægt sé að prufukeyra leiðir sem eru ekki í akstri í dag. Skoða samstarf milli fólks og farmflutnings og skoða möguleiki á samstarfi milli þjónustuaðila s.s. póstflutninga og smærri vöruflutninga.

Horfa til þess að vinnusóknarsvæði séu með almenningsamgöngur á milli framhaldsskóla svo að sérhæfing hvers skóla innan svæðis nýtist og nemendur úr stærri byggðakjörnum geti sótt skóla annarsstaðar á svæði.

A12 Jafna mætti aðgang að kennurum með sérþekkingu með því að beita ívilnun líkt og nefnt er í aðgerð A.6. Einnig leggur SSNE til að bæta rekstraraðila skóla við sem framkvæmdaraðila.

A.14 SSNE leggur áherslu á að ef þessi aðgerð felur í sér kostnaðaraukningu fyrir sveitarfélögin er nauðsynlegt að aukið fjármagn komi frá ríkinu til sveitarfélaga til að mæta því.

A. 15 Líkt og kemur fram hér í upphafi eru allar aðgerðir án kostnaðarætlunar og fjármögnun liggur ekki fyrir. Tryggja þarf fjármagn til sveitarfélaganna ef þetta felur í sér aukna vinnu hjá þeim.

SSNE leggur til nýja aðgerð tengt áherslu h:

A.18 Ferðum í loftbrú verði fjölgað verulega og verði helst ótakmarkaðar til framtíðar.

B.1 Til að efla búsetuskilyrði og atvinnutækifæri er nauðsynlegt að tryggja afhendingaröryggi raforku með því að skilgreina hringtengingu til austurs frá Kópaskeri til Vopnafjarðar sem hluta af flutningskerfi raforku. Veik tenging á þessu svæði kemur harkalega niður á atvinnulífinu.

B.3 Efla þarf nýsköpun á landsbyggðinni með því að styðja betur við frumkvöðla og starfandi fyrirtæki í nýsköpun með margvíslegum hætti. Samstarf landshlutasamtaka hefur aukist mikið undanfarin ár og hvetja mætti til enn frekara samstarfs í formi námskeiðahalds í gegnum fjarfundarbúnað líkt og gert var í Ratsjóni. Á sama tíma og Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur verið lögð niður er dregið úr framlögum til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni sem er mikilvægur stuðningur við grasrótina

um allt land. SSNE vill því hvetja fleiri ráðuneyti til að nota farveg Uppbyggingarsjóðs fyrir fjármagn til að efla nýsköpun og frumkvöðla á landsbyggðinni. Lóa – nýsköpunarsjóður landsbyggðarinnar var auglýstur í fyrsta skipti fyrr á þessu ári og hefur því framtaki verið fagnað, sá sjóður er þó heldur lítil miðað við það sem honum er ætlað að styrkja og hvetur SSNE til þess að hann verðir stækkaður. Framlög til rannsóknasjóða og samkeppnissjóða á vegum ríkisins hafa stóraukist en ljóst er að landsbyggðirnar bera skarðann hlut frá borði þar.

B.7 SSNE gerir athugasemd við árangursmatið, sem er hlutfall auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnanna á höfuðborgarsvæðinu sem auglýst eru án staðsetningar. Það tryggir ekki að ráðið sé í störfín utan höfuðborgarsvæðisins. Markmiðið er að ráða í störfín utan höfuðborgarsvæðisins og þannig fjölga atvinnutækifærum og bæta búsetuskilyrði um allt land. Árangursmatið þyrfti því að vera fjöldi starfa í ráðuneytum og stofnunum á höfuðborgarsvæðinu sem verða raunverulega án staðsetningar.

B.10 SSNE bendir á að fjármagn verði að fylgja slíkri aðgerð egi landshlutasamtök að taka það að sér.

C.1 Landshlutasamökin hafa lengi bent á að fleiri ráðuneyti ættu að hafa aðkomu að Sóknaráætlun landshlutanna og beina fjármagni í gegnum þann farveg.

C.6 Líkt og kemur fram hér í upphafi eru allar aðgerðir án kostnaðaráætlunar og fjármögnun liggur ekki fyrir, tryggja þarf fjármagn til sveitarfélaganna ef þetta felur í sér aukna vinnu hjá þeim.

SSNE leggur til nýja aðgerð sem fellur undir markmið C, i):

C.16 Haldið verði utan um og birt opinberlega hvernig hlutafall nefndarmanna dreifist eftir búsetu í opinberum nefndum, stjórnnum, ráðum og starfshópum.

Í umsögn SSNE við Grænbókina var bent á hvernig Norðmenn beita skattaávilnunum til að styrkja veikari byggðir. Noregur hefur sömu stöðu og Ísland gagnvart regluverki evrópska efnahagssvæðisins og því auðvelt að skoða þær leiðir sem farnar hafa verið þar. Nefna má mismunandi tryggingargjald, afskriftir námslána fólks á ákveðnum svæðum, lægri tekjuskattur og hærri barnabætur. Hér mætti hugsa sér að slíkar aðgerðir væru notaðar á svæðum / byggðalögum sem skilgreindar hafa verið sem brothættar byggðir og tekið þátt í því verkefninu Brothættar byggðir hjá Byggingastofnun. Nauðsynlegt væri þó að grípa fyrr til aðgerða og í lengri tíma.

Akureyri, 31. maí 2021

F.h. SSNE

Eypór Björnsson

Framkvæmdastjóri